



VESTURBYGGÐ

Ofanflóðavarnir á Patreksfirði, Vesturbyggð Urðargata, Hólar og Mýrar

Tillaga að matsáætlun
September 2017

Þekkingarleit -ar kvk

1 að afla þáttanna, það að

vilja á e-u >

að f...nn 2

þekkingarleit þrá,

fróðleiksás

árangur árangur árangur, árangur,

niðurstaða, það sem > hafa

(bera, gefa) góðan árangur árangur í

þróttum 2 / árferði **virðing** -ar, -ar kvk 1 ma það

að meta til verðs 2 álit, heiður • það að virða > njo

virðingar / sýna e-m virðingu / bera virðingu fyrir e-u eða

e-m **for|skot** HK 1 frestur 2 forhlaup, sá munur sem keppandi

hefur fram yfir keppinauta sína þegar hann fær t.d. að byrja fyrir

það hefur tekist að komast fram úr þeim > 100 metra forskot / 10

metra forskot / hafa gott forskot / hafa gott forskot / hafa gott forskot / hafa gott forskot

Borgartún 20 mstur > 585 9000 úrburði 3 það

105 Reykjavík

vso@vso.is



VESTURBYGGÐ

17220

S:\2017\17220\v\03 Matsáætlun\17220_tillaga_matsáætlun.docx

September 2017

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
drög	06.06.2017	EBA/AM	AM	AM
1.	06.09.2017	EBA/AM	AM	AM

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Tilgangur framkvæmdar og forsendur	2
3	Matsskylda	2
4	Framkvæmdarlýsing	2
4.1	Landmótun, flutningur og jarðvegur	4
4.2	Stígakerfi	4
4.3	Frágangur	4
5	Valkostir	5
6	Staðhættir, skipulag og landnotkun	5
6.1	Lýsing á staðháttum	5
6.2	Aðalskipulag	5
6.3	Deiliskipulag	6
6.4	Samræmi við lög, reglur og aðrar áætlanir	6
6.5	Leyfi	6
6.6	Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun	6
7	Mat á umhverfisáhrifum	7
7.1	Áherslur í mati á umhverfisáhrifum	7
7.2	Matsspurningar og viðmið	7
7.3	Mat á umfangi áhrifa	8
7.4	Gögn og rannsóknir	9
8	Samráðsáætlun í matsvinnu	10
9	Tímaáætlun	11
10	Heimildir	11

1 Inngangur

Vesturbyggð áformar að reisa varnargarð gegn ofanflóðum á Patreksfirði í hliðunum fyrir ofan þéttbýlið á milli Vatnseyrar og Geirseyrar. Er það gert til þess að stuðla að bættu öryggi íbúa Patreksfjarðar gagnvart ofanflóðum. Gert er ráð fyrir að reisa tvo varnargarða, annarsvegar ofan við Mýrar og Hólagötu og hinsvegar Urðargötu. Hönnun varnargarðanna gengur út á að garðarnir veiti byggðinni vörn gegn hugsanlegum snjóflóðum og leiði flóðin til sjávar. Lögð er áhersla á að milda áhrif varnargarðanna á ásýnd með landmótun og gróðursetningu auk þess að styrkja útivistarmöguleika svæðisins með bættu stígakerfi.

Umfang framkvæmdarinnar er slíkt að hún er háð lögum um mat á umhverfisáhrifum. Fyrsti áfangi eru þessi drög að *tillögu að matsáætlun* þar sem kemur fram hvernig áætlað er að staðið verði að mati á umhverfisáhrifum. Drögin verða kynnt fyrir umsagnaraðilum og almenningi sem hafa tækifæri á að koma með ábendingar hvað varðar áætlunina um matið. Tillagan er síðan send til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsáætlun. Annar áfangi felst í rannsóknnum, gagnaöflun og vinnu við *frummatsskýrslu*, þar sem fjallað er nánar um framkvæmdina, valkosti og greint frá niðurstöðum úr mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skýrslan er kynnt almenningi og umsagnaraðilum sem hafa tækifæri á að koma með athugasemdir og ábendingar er varðar umhverfismatið. Þriðja skrefið felst í því að framkvæmdaraðili vinnur úr athugasemdum og umsögnum sem bárust og bætir inn í *matsskýrslu*. Skýrslan er send til Skipulagsstofnunar sem gefur álit sitt. Ekki er hægt að veita framkvæmdaleyfi fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Við útgáfu framkvæmdaleyfis verður sveitarstjórn að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar.

Þeir umhverfisþættir sem verða til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum eru vistgerðir, vatnafar, jarðminjar, fornleifar, hljóðvist, loftgæði, loftslag, útivist, ásýnd og öryggi.

2 Tilgangur framkvæmdar og forsendur

Tilgangur framkvæmdar er fyrst og fremst að bæta öryggi íbúa Patreksfjarðar í Vesturbyggð gagnvart ofanflóðum en samkvæmt hættumati Veðurstofu Íslands (2003) kemur fram að stór hluti byggðarinnar er inn á hættusvæði vegna snjóflóða m.a. svæðin Vatnseyri, Klif og Geirseyrri (mynd 6.1). Lokið hefur verið við gerð snjóvarnargarðs við Klif. Nánar verður fjallað um niðurstöðu hættumats í frummatsskýrslu.

3 Matsskylda

Bygging snjóvarnargarðs fellur undir lög um umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skv. tl. 2.01 og 11.16 (Tafla 3.1).

Tafla 3.1 Matsskylda framkvæmdar skv. lögum nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum

Tl.	Lýsing	Flokkur
2.01	Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m ² svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m ³ eða meira.	A
11.16	Varnargarðar til varnar ofnaflóða í þéttbýli.	B

4 Framkvæmdarlýsing

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að byggðir verða tveir varnargarðar ofan byggðarinnar á Patreksfirði í Vesturbyggð milli Vatnseyrar og Geirseyrar. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði, sem eru 17 ha að stærð, má sjá á mynd 4.1.



Mynd 4.1 Yfirlitsmynd sem sýnir afmörkun framkvæmdarsvæðið (Landmótun, 2016)

Annar varnargarðurinn, Mýrargarður, myndar fleyg fyrir ofan Hóla og Mýrar meðan hinn varnargarðurinn, Urðargarður, verður samtengdur þvergarður og leiðigarður og mun liggja fyrir ofan Urðargötu (mynd 4.2). Mýrargarður verður 590 m langur og 5-11 m hár yfir núverandi landi. Urðargarður verður um 370 m langur og verður tvískiptur. Eystri hlutinn verður 250 þvergarður ætlaður til að stöðva snjóflóð meðan vesturhluti garðsins verður um 125 m langur leiðigarður sem hefur þann tilgang að beina snjóflóðum út í sjó. Urðargarður verður allt að 7,5-11 m hár yfir núverandi landi. Við enda Urðargarðs, fyrir ofan Aðalstræti, er vatnsrás en í tillögu Landmótunar er lagt til að vatnsrásin verði víkkuð og bakki hækkaður til að taka á móti og stöðva grjót og hugsanlegt aurflóð úr hliðunum (Landmótun, 2016).

Fyrirhuguð varnarmannvirki eru í mikilli nálægð við byggð. Við Hólagötu standa þrjú hús sem eru í 15-40 m fjarlægð frá fyrirhuguðum varnargarði. Á frumstigi hönnunarinnar lokaði austurhluti fleygsins fyrir aðkomu íbúa að Hólum 15, 17 og 19. Skoðaðar voru leiðir til að búa til nýja aðkomu að húsunum, t.d. með nýju vegstæði fyrir ofan Mýrar eða að gera göng í gegnum austurhlið fleygsins. Þær hugmyndir þóttu ekki henta og var því ákveðið að snúa eystri hluta garðsins um 3° til austurs og dýpka land flóðmegin en með þeim hætti væri hægt að halda aðkomuvegi að húsum við Hóla svipuðum og um leið halda varnaráhrifum garðsins. Hús við Urðargötu 23 og 26 eru einnig í um 15-40 m fjarlægð. Áætlað er að lækka land vestan við garðinn um 1-4 m fyrir ofan Urðargötu til þess að lækka hæð garðsins miðað við húsin. Við Urðargötu 26 þarf að endurskoða lóðarmörk vegnar nálægðar auk þess sem gera þarf ráð fyrri sértækum aðgerðum til að skerða sem minnst af gróðri. Núverandi gróður mun draga úr ásýnd til ásýnd garðsins og því mikilvægt að vernda gróður eins og unnt er á þessu svæði.



Mynd 4.2 Yfirlitsmynd þar sem ofanflóðagarðar eru merktir inn (Landmótun, 2016)

4.1 Landmótun, flutningur og jarðvegur

Gert er ráð fyrir að heildarrúmmál mannvirkja verði um 170.000 m³ en þar af er áætlað um 60.000 m³ af flokkuðu efni sem fer í flóðhlið garðanna, sem er sú hlið garðsins sem snýr að fjallinu og er ætluð til að taka á móti hugsanlegu ofanflóði. Uppgröftur ofan fyrirhugaðs varnafleygs verður nýttur í fyllingar garðsins. Magn skeringa verður mun meira en fer í fyllingar svo ekki er þörf á efnisnámi. Gert er ráð fyrir að umframsefnismagn sé allt að 290.000m³. Gert er ráð fyrir að nýta umframsefnið í aðra garða sem fyrirhugaðir eru á svæðinu en á þessu stigi hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um það.

Aðkoma að framkvæmdarsvæðinu verður vestan Patreksskóla og ofan við húsin sem standa norðan við Aðalstræti. Gert er ráð fyrir að nýta núverandi vinnuveg sem lagður var þegar þvergarður ofan grunnskóla var gerður en einnig verður lagður nýr vinnuvegur frá Mýrum. Auk þess er gert ráð fyrir aðkomu frá Urðargötu en takmarkanir verða settar á umferð þaðan.

4.2 Stígakerfi

Gert er ráð fyrir að leggja stíga í tengslum við framkvæmdina. Við Mýrargarð er gert ráð fyrir tröppustíg sem mun liggja frá geilinni, sem myndast í fláafætinum, og upp að útsýnisstað efst á Mýrargarðinum. Við Urðargarð er einnig gert ráð fyrir tröppustíg frá dvalarsvæði í fláafætinum upp á útsýnisstað á toppi garðsins. Fleiri stígar verða gerðir á svæðinu og munu tengjast núverandi stígakerfi bæjarins. Einnig munu vinnuvegir á framkvæmdatíma nýtast sem útivistarstígar. Nánar verður fjallað um legu stíganna í frummatsskýrslu.

4.3 Frágangur

Ásýnd garðsins verður milduð með landmótun og breytilegum fláum hlémegin auk þess sem gert er ráð fyrir gróðursetningu þeim megin sem snýr að þéttbýlinu til að draga úr ásýnd. Áhersla er lögð á að flýta uppgræðslu til að hindra jarðvegsrof og moldrok.

Mögulega þurfi að fergja eða vökva til að draga úr rykmyndun meðan gróðurinn nær sér á strik. Við upphaf framkvæmda verður gróðurþekja og jarðvegur haugsettur á framkvæmdarsvæðinu og nýtt til frágangs við framkvæmdarlok. Grasfræjum verður sáð og borinn áburður strax að loknum framkvæmdum og endurtekið að ári. Notuð verða grasfræ sem safnað er af nærliggjandi svæðum svo gróðurþekja á svæðinu verði sem líkust.

5 Valkostir

Í mati á umhverfisáhrifum verða tveir valkostir til umfjöllunar, annars vegar bygging ofanflóðavarnargarðs skv. kafla 4 og hins vegar núll kostur. Núll kostur felur í sér að ekki verður af framkvæmdum. Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir þessum valkostum og áhrifum þeirra á umhverfi og samfélag.

6 Staðhættir, skipulag og landnotkun


6.1 Lýsing á staðhátum

Patreksfjörður stendur við samnefndan fjörð sunnarlega á Vestfjarðarkjálkanum. Fjörðurinn liggur frá norðvestri til suðausturs og er bæjarstæðið staðsett utarlega við norðanverðan fjörðinn. Patreksfjörður er í sveitarfélaginu Vesturbyggð og er annar tveggja þéttbýlisstaða sveitarfélagsins auk Bíldudals. Patreksfjörður er stærsta þéttbýlið á sunnanverðum Vestfjörðum en þar bjuggu 687 manns þann 1. janúar 2017 sl. (Hagstofa Íslands, 2017) og er aðal atvinnuvegur svæðisins sjávarútvegur og fiskvinnsla auk verslunar og þjónustu.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði liggur vestast í þéttbýlinu á milli Vatnseyrar og Geirseyyrar fyrir ofan Mýrar, Hóla og Urðargötu. Ofan við byggðina rís fjallið Brellur og er í um 400-500 m.y.s. Framkvæmdasvæðið sjálft er í um 20-110 m.y.s. og er fremur bratt og grýtt og skiptist í bratta kletta og brattar gróðurlitlar skriður. Undirlendi er lítið og hallar landið um 10°-25° til suðurs og eykst eftir því sem ofar er farið. Svæðin fyrir ofan Mýrar og Hólagötu annars vegar og Urðargötu hinsvegar eru allnokkuð gróin og skiptast í mólendi, graslendi og ræktað land. Þar er einnig töluverður trjágróður og nýgræðsla sem þekur um 2.4 ha svæði en hluti þess mun lenda undir fyrirhuguð varnarmannvirki. Á milli Hóla og Urðargötu er aftur á móti óbyggt svæði um 200 m breitt þar sem yfirborðið einkennist af grjótskriðum og stórgrýti. Fyrir ofan Urðargötu hefur tveimur jarðvegsgörðum verið ýtt upp, sá efri er um 5 m hár og 150 m langur meðan sá neðri er lægri og styttri.

6.2 Aðalskipulag

Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 var staðfest af Skipulagsstofnun 28. maí 2013. Skv. þeirri breytingu er svæðið fyrir ofan byggðina skilgreint sem opið svæði til sérstakrar nota (Mynd 6.1). Í kafla 3.15 kemur fram eftirfarandi: „Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna almennar útivistar, s.s stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Einnig er gert ráð fyrir varnavirkjum vegna snjóflóða“.



Mynd 6.1 Aðalskipulag Patreksfjarðar, Vesturbyggð. Þar má sjá hættumat svæðisins (Landmótun, 2016)

6.3 Deiliskipulag

Deiliskipulagsgerð vegna framkvæmdar er í vinnslu.

Tillaga að skipulagi og mótvægisáðgerðum, sem Landmótun og Verkís unnu að, var kynnt íbúum Patreksfjarðar á opnum fundi þann 26. maí 2016.

6.4 Samræmi við lög, reglur og aðrar áætlanir

Í frummatsskýrslu verður m.a. gerð grein fyrir því hvernig fyrirhuguð framkvæmd samræmist eftirfarandi lögum, reglum og öðrum áætlunum

- ▶ Náttúruverndarlög nr. 60/2013
- ▶ Lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum
- ▶ Reglugerð nr. 673/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

6.5 Leyfi

Haugsetning og bygging varnargarðs gegn ofanflóðum í þéttbýli er háð eftirfarandi leyfum:

- ▶ Framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- ▶ Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

6.6 Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun

Engin verndarsvæði eða aðrar takmarkanir eru á landnotkun á framkvæmdarsvæði.

7 Mat á umhverfisáhrifum

7.1 Áherslur í mati á umhverfisáhrifum

Helstu áhrifaþættir framkvæmda eru umferð vinnuvéla, haugsetning og landmótun og fok fínefna (Tafla 7.1). Mat verður lagt á áhrif framkvæmdar á eftirfarandi umhverfisþætti: vistgerðir, vatnafar, jarðminjar, fornleifar, hljóðvist, loftgæði, loftslag, útivist, ásýnd og öryggi.

Áætla má að helstu áhrif framkvæmda felist í ásýnd svæðis auk raski á gróðurfari, jarðminjum og fuglalífi. Einnig mun framkvæmdin hafa tímabundin áhrif á loftgæði og hljóðvist svæðis. Þá má einnig áætla að framkvæmdin muni bæta öryggi bæjarbúa og auka útivistarmöguleika svæðisins. Í þeim tilfellum þar sem framkvæmdin kann að hafa neikvæð áhrif á umhverfisþátt verður eftir atvikum gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum í frummatsskýrslu.

Tafla 7.1 Helstu áhrifaþættir framkvæmdar og umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum.

Áhrifaþáttur	Umhverfisþáttur
Umferð vinnuvéla	Loftgæði, loftslag, hljóðvist, vatnafar, vistgerðir
Haugsetning og landmótun	Jarðminjar, vistgerðir, fornleifar, ásýnd, vatnafar, öryggi, útivist
Fok fínefna	Loftgæði

7.2 Matsspurningar og viðmið

Tafla 7.2 gerir grein fyrir umhverfisþáttum, matsspurningum og viðmiðum sem stuðst verður við í matsvinnunni.

Tafla 7.2: Skilgreindar matsspurningar og viðmið fyrir hvern umhverfisþátt.

Umhverfisþáttir	Matsspurning	Viðmið og gögn
Vistgerðir	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Hvernig gróðurlendi mun fara undir mannvirki? ▶ Finnast fágætar háplöntur eða gróðurfélög á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði? ▶ Mun skógræktarsvæði raskast af völdum framkvæmda? ▶ Eru framkvæmdir líklegar til að hafa neikvæð áhrif á fuglalíf á svæðinu? ▶ Eru einhverjir fuglar á svæðinu sem eru á valista Náttúrufræðistofnun Íslands? 	<p>Náttúruverndarlög nr. 60/2013: Sérstök markmið um að standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar.</p> <p>Válistar plantna: Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistkerfa.</p> <p>Samningur um líffræðilega fjölbreytni.</p> <p>Velferð til framtíðar: Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistkerfa.</p>
Vatnafar	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Munu framkvæmdir hafa áhrif á vatnsrennsli í hlíðum fyrir ofan þéttbýlið og þannig skapa aukna hættu á skriðum/vatnsflóðum? 	<p>Velferð til framtíðar: Tilvik þar sem neysluvatn mengast heyrir til undantekningar.</p> <p>Reglugerð nr. 769/1999 um varnir gegn mengun vatns.</p>
Jarðminjar	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Eru fágætar jarðminjar innan framkvæmdarsvæðis? 	<p>Náttúruverndarlög nr. 60/2013: vernda jarðminjar sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu.</p>
Fornleifar	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Eru þekktar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði? ▶ Munu fyrirhugaðar framkvæmdir hafa neikvæð áhrif á fornleifar á svæðinu? 	<p>Lög um menningarmínjar nr. 80/2012: Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr</p>

Umhverfisþættir	Matsspurning	Viðmið og gögn
		stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.
Hljóðvist	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Eru framkvæmdir líklegar til að hafa áhrif á hljóðvist á íbúðarsvæði og nágrenni þeirra ➢ Í tengslum við vinnu stórra vinnuvéla á framkvæmdasvæði. ➢ Í tengslum við umferð stórra vörubíla og annarra tækja til og frá framkvæmdasvæði. 	Reglugerð um hávaða nr. 724/2008: Koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða.
Loftgæði	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Munu framkvæmdir hafa áhrif á loftgæði í nágrenni framkvæmdasvæðis á framkvæmdartíma? ➢ Í tengslum við fok á finefnum frá haugsetningu. ➢ Í tengslum við umferð stórra vörubíla og annarra tækja til og frá framkvæmdasvæði. 	Reglugerð um loftmengun: nr. 787/1999: Koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á heilsu manna og umhverfið.
Loftslag	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Munu framkvæmdir valda losun gróðurhúsalofttegunda? 	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum
Ásýnd	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Hvað einkennir landslag á svæðinu og hvert er gildi þess? ▶ Með hvaða hætti mun landmótun breyta ásýnd svæðisins? ▶ Mun framkvæmd hafa áhrif á gildi landslags? 	Náttúruverndarlög nr. 60/2013: Varðveita landslag sem er sérstætt, fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Landslagssamningur Evrópu: Stuðla að verndun, stýring og skipulagi Landslags.
Útivist	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Er fyrirhugað framkvæmdasvæði notað til útivistar? ▶ Með hvaða hætti munu varnargarðar hafa áhrif á nærliggjandi útivistarsvæði? 	Náttúruverndarlög nr. 60/2013: Stuðla að samskiptum manns og náttúru og auðvelda umgengni og efla þekkingu náttúruna.
Öryggi	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Með hvaða hætti munu framkvæmdir stuðla að bættu öryggi íbúa á Patreksfirði? 	Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997: Hættumat skal fela í sér mat á þeirri hættu sem lífi fólks er búið vegna ofanflóða á byggð svæði eða skipulögð byggingarsvæði Mat á hættu vegna ofanflóða á Patreksfirði, Vesturbyggð

7.3 Mat á umfangi áhrifa

Í umfjöllun framkvæmdaraðila um umfang og vægi áhrifa í frummatsskýrslu verða notuð hugtökin **óveruleg**, **talsverð** og **veruleg áhrif** í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar. Þar sem það á við verður gerð grein fyrir jákvæðum og neikvæðum áhrifum á einstaka umhverfisþætti. Tilgangur þessarar flokkunar er fyrst og fremst að samræma umfjöllun á milli kafla og auðvelda mat á heildaráhrifum í lok matsskýrslu. Til viðmiðunar eru hugtökin lauslega skilgreind í töflu (Tafla 7.3).

Tafla 7.3 Vægi umhverfisáhrifa

Einkunn	Skýring
Óveruleg neikvæð áhrif	<p>Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítils fjölda fólks.</p> <p>Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfisþáttar</p> <p>Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.</p>
Talsverð neikvæð áhrif	<p>Breyting á einkennum umhverfisþáttar</p> <p>Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks.</p> <p>Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar</p> <p>Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf</p>
Veruleg neikvæð áhrif	<p>Veruleg breyting á einkennum umhverfisþáttar</p> <p>Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks.</p> <p>Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar verulega</p> <p>Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf</p>
Óveruleg jákvæð áhrif	<p>Jákvæð áhrif á einkenni umhverfisþáttar eru lítil eða engin.</p> <p>Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítils fjölda fólks.</p> <p>Áhrifin auka ekki verndargildi umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.</p>
Talsverð jákvæð áhrif	<p>Jákvæð breyting á einkennum umhverfisþáttar</p> <p>Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks.</p> <p>Áhrifin auka verndargildi umhverfisþáttar</p> <p>Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf</p>
Veruleg jákvæð áhrif	<p>Veruleg jákvæð breyting á einkennum umhverfisþáttar</p> <p>Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks.</p> <p>Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin auka verndargildi umhverfisþáttar verulega</p> <p>Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf</p>

7.4

Gögn og rannsóknir

Í töflu 7.4 má sjá þau gögn sem liggja fyrir og verða notaðar við mat á umhverfisáhrifum í frummatsskýrslu. Í töflu 7.5 má sjá yfirlit yfir þær rannsóknir sem þarf að ráðast í við gerð frummatsskýrslu.

Tafla 7.4 Fyrirliggjandi gögn sem notuð verða í frummatsskýrslu. Önnur gögn munu bætast við.

Heiti skýrslu	Höfundur/útgefandi	Útgáfuár
Mat á hættu vegna ofanflóða á Patreksfirði, Vesturbyggð	Veðurstofa Íslands	2003
Ofanflóðavarnir Vesturbyggð - Urðargata, Hólar og Mýrar á Patreksfirði, Frumathugun.	Landmótun	2016
Ofanflóðavarnir Vesturbyggð - Urðargata, Hólar og Mýrar á Patreksfirði, Frumathugun.	Verkís	2016
Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018	Vesturbyggð	2006

Tafla 7.5 Yfirlit yfir fyrirhugaðar rannsóknir sem ráðast þarf í vegna mats á umhverfisáhrifum.

Umhverfispáttur	Sérfræðingar/stofnun	Rannsóknir
Fornleifar	Náttúrustofa Vestfjarða	Kortlagning fornleifa á svæðinu
Vistgerðir	Náttúrustofa Vestfjarða	Úttekt á gróðurfari og fuglalífi á framkvæmdasvæði
Hljóðvist	VSÓ Ráðgjöf	Umferðamagn þungra bíla að vinnusvæði, líkana gerð og hljóðkort.
Ásýnd	VSÓ Ráðgjöf	Landslagsgreining

8 Samráðsáætlun í matsvinnu

8.1 Drög að tillögu að matsáætlun

Drög að tillögu að matsáætlun voru auglýst í morgunblaðinu 24. júní 2017. Þar var auglýst eftir ábendingum og athugasemdum við drögum. Frestur til athugasemdir var auglýstur til 24. júlí 2017. Einnig voru drög send á umsagnaraðila þar sem óskað var eftir umsögnum. Tvær athugasemdir eða umsagnir bárust á formlegum kynningartíma frá Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands. Helstu atriði samráðs og viðbrögð við þeim má sjá hér að neðan (Tafla 8.1).

Tafla 8.1 Samráðsaðilar og helstu atriði samráðs vegna tillögu að matsáætlun

Samráðsaðili	Helstu atriði samráðs	Viðbrögð/umfjöllun
Umhverfisstofnun	Bæta skal Landgræðslu ríkisins inn sem samráðsaðila.	Hefur verið bætt við.
Minjastofnun Íslands	Minnir á að ef fornleifar finnast þurfi að skrá þær, mæla upp og færa inn á kort. Annars engar athugasemdir.	Verður gert í frummatsskýrslu.

8.2 Samráðsáætlun

Helstu samráðsaðilar vegna matsvinnu eru:

- ▶ Umhverfisstofnun
- ▶ Náttúrufræðistofnun Íslands
- ▶ Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- ▶ Veðurstofa Íslands
- ▶ Minjastofnun Íslands
- ▶ Landgræðsla ríkisins
- ▶ Íbúar Patreksfjarðar, Vesturbyggð

Öll gögn matsvinnu verða aðgengileg á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is og VSÓ Ráðgjafar, www.vso.is. Gögn sem verða aðgengileg eru m.a. drög að tillögu að matsáætlun, tillaga að matsáætlun, frummatsskýrsla, matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar.

9 Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun liggja fyrir um mánaðarmótin september október 2017. Samhliða rannsóknarvinnu verður hafin vinna við frummatsskýrslu. Þegar niðurstaða rannsókna liggur fyrir verður unnt að leggja mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Áætlun gerir ráð fyrir að frummatsskýrsla verði auglýst um mánaðarmótin október nóvember 2017 og að álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu liggja fyrir í janúar 2018. Gert er ráð fyrir að kynna niðurstöður frummatsskýrslu á opnum fundi á kynningartíma, nóvember 2017. Í töflu 9.1 má sjá tímaáætlun matsferlis varnargarðs gegn ofanflóðum á Patreksfirði, Vesturbyggð.

Tafla 9.1 Tímaáætlun fyrir matsferli á ofanflóðavörnum á Patreksfirði, Vesturbyggð.

Verkþáttur	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	jan
Drög að tillögu að matsáætlun	■	■							
Kynningartími drög að tillögu			■						
Tillaga að matsáætlun			■	■					
Kynningartími tillaga að matsáætlun					■				
Ákvörðun Skipulagsstofnunar						■			
Rannsóknir			■	■	■				
Frummatsskýrsla					■	■			
Kynningartími frummatsskýrslu							■	■	
Matsskýrsla								■	
Álit Skipulagsstofnunar									■

10 Heimildir

Hagstofa Íslands. (2017). *Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, kyni og aldri 2011-2017*.

Landmótun. (2012). *Breyting á Aðalskipulagi vesturbyggðar 2006-2018 - greinagerð og umhverfisskýrsla 24.febrúar 2012*. Vesturbyggð. Reykjavík: Vesturbyggð

Landmótun. (2016). *Ofanflóðavarnir Vesturbyggð - Urðargata, Hólar og Mýrar á Patreksfirði, Frumathugun*. Reykjavík: Vesturbyggð

Veðurstofa Íslands. (2003). *Mat á hættu vegna ofanflóða á Patreksfirði, Vesturbyggð*. Reykjavík: Vesturbyggð

Verkís. (2016). *Ofanflóðavarnir Vesturbyggð - Urðargata, Hólar og Mýrar á Patreksfirði, Frumathugun*. Reykjavík: Vesturbyggð